

4. SEP. 2023

Málalýkill: 40.1

Bæjarráð Mosfellsbæjar
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Mosfellsbæ 4. september 2023

Efni: Eignatjón íbúa við Súluhöfða 41 - 51 vegna nábylis við golfvöll Golfklúbbs Mosfellsbæjar. Hugsanleg líkamstjón.

Við undirrituð íbúar við Súluhöfða 41 – 51, höfum búið við það síðan flutt var inn í nýbyggingar á ofantöldum lóðum að boltar frá golfvelli hafa dunið á húsum okkar og öðrum eignum. Tjónið sem orðið er nú þegar, er farið skipta milljónum króna, á klæðningum húsa og beyglur á bílum. Í flestum tilfellum finnst ekki sá sem tjóninu veldur og sitja því íbúar uppi með þann kostnað sem tjóninu fylgir hverju sinni. Tryggingar neita bótaskyldu í slíku tjóni.

Þá upplifa íbúar í götunni sig í stöðugri hættu að verða fyrir líkamstjóni vegna golfbolta sem falla á lóðir þeirra og telja að það sé einungis spurning um tíma hvenær golfbolti frá golfvöllinum muni hitta manneskju á einhverri lóðanna eða nágrenni hennar. Það þarf ekki að útskýra nánar þær afleiðingar sem geta orðið ef golfbolti á fullu flugi fer í höfuð manneskju. Það sama á við um notendur göngustígsins milli lóðanna og 4. brautar vallarins. Sá göngustígur er mjög mikið notaður og eru notendur hans í mikilli hættu, stundum oft á dag. Hættan skýrist af legu brautarinnar, en brautin liggur í „hundslöpp“ til hægri og því þarf ekki mikla skekkju á flugi boltans til þess að hætta skapist.

Í samskiptum við stjórnendur Golfklúbbs Mosfellsbæjar hefur komið fram lausn sem vænleg er til árangurs, að snúa vellinum og skilst okkur að klúbburinn hafi verið í samskiptum við bæjaryfirvöld um samvinnu við að framkvæma þá breytingu. Mosfellsbær hefur lýst áhuga á lausnum til bráðbirgða sem er vel, en skynsamlegast hlýtur að vera að gera varanlegar breytingar, en tillögur um þær breytingar lágu fyrir áður en lóðunum var úthlutað, samkvæmt GMOS.

Við förum hér með fram á að bæjaryfirvöld gangi frá samkomulagi við klúbbinn, þar sem ekki er viðunandi að sitja undir tjónsatburðum vikulega eða jafnvel oftár hér í götunni. Hvað þá að geta ekki upplifað okkur sjálf, börn okkar eða gesti örugga við eðlilega nýtingu og umgengni á lóðum okkar. Þessar lóðir, sem úthlutað var til okkar af Mosfellsbæ, voru greinilega ekki tilbúnar til úthlutunar þar sem illa er búandi á þeim vegna þessa ástands. Við úthlutun var okkur skýrt tjáð að hálfu bæjarins að fjármagnið sem fengist fyrir lóðirnar færi m.a. í að ganga frá þessum málum við klúbbinn. Þetta hefur ekki gengið eftir.

Því biðlum við til bæjaryfirvalda að ganga frá þessu máli sem allra fyrst.

Steingrímur G. Arnason
Súluhöfða 41

Hólon Helmarsson

Súluhöfða 45
Jónna Þ. Arnason
Kristín Yr. Pálmarsson

Súluhöfða 49

Arnaldur C. Helgason
Súluhöfða 43

Þorgerður

Súluhöfða 47
Laufur Þorvaldsson

Súluhöfða 51